

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 3.4.2025
UOS2502307/F.T.
11.10.02

Málslok - Grænt bókhald

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 7.3.2025 þar sem áformað var að áminna Brim hf., Vopnafirði, vegna vanskila á grænu bókhaldi fyrir árið 2023. Frávikið var skráð í eftirliti stofnunarinnar þann 28.11.2024 og var eftirfarandi:

- Gr. 3.3 í starfsleyfi. Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.

Umhverfis- og orkustofnun hefur borist grænt bókhald Brims hf., Vopnafirði, fyrir árið 2023 og telst frávikinu lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 18/2023. **Gjaldið er 41.600 kr.**

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Lilja Ólafsdóttir
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur